

# 198. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar, haldinn í Aratungu þann 29. ágúst 2018 kl. 09:30.

*Mætt: Valgerður Sævarsdóttir, T-lista, formaður byggðaráðs, Helgi Kjartansson, T-lista, og Óttar Bragi Þráinsson P-lista. Einnig var mætt Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.*

Formaður leitaði samþykkis fyrir tveimur dagskrárbreytingum, varðandi opnunartíma gámasvæða í vetur og kjör fulltrúa í minningarsjóð Biskupstungna, sem yrðu liðir nr. 13.3 og 13.4 á dagskránni. Var það samþykkt samhljóða.

## Dagskrá fundar:

### 1. Fundargerðir til samþykktar:

- 1.1. 1. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar, haldinn 1. ágúst 2018.  
Liður 2, Beiðni um breytingu á opnunartíma leikskólans Álfaborgar. Umsögn skólanefndar liggur fyrir varðandi beiðni um breytingu á opnunartíma leikskólans Álfaborgar. Byggðaráð samþykkir samhljóða að skoða stöðu mála varðandi mönnun m.a. í tengslum við fjárhagsáætlunargerð fyrir næsta ár. Fundargerð samþykkt samhljóða.
- 1.2. Fundur fjallskilanevndar Biskupstungna, haldinn 14. ágúst 2018, ásamt fjallskilaseðli.  
Fundargerð samþykkt samhljóða.
- 1.3. Fundur Fjallskilanevndar Laugardals, haldinn 24. ágúst 2018, ásamt fjallskilaseðli.  
Fjallskilanevnd skorar í fundargerðinni á Bláskógabyggð að sjá til þess að girt sé með veginum frá Laugarvatni að Apá. Byggðaráð skorar á Vegagerðina að girða meðfram veginum frá Laugarvatni að Apá, enda er það í verkahring Vegagerðarinnar. Fundargerð samþykkt samhljóða.
- 1.4. 160. fundur skipulagsnefndar, haldinn 10. ágúst 2018, ásamt afgangslum byggingarfulltrúa frá 27. júní – 18-82 og frá 18. júlí – 18-83.  
Mál nr. 6; Torfastaðir L167716: Stofnun lóðar – 1806067  
Lögð fram að nýju umsókn Drífu Kristjánsdóttur um stofnun nýrrar 31.010 fm lóðar úr jörðinni Torfastaðir L167176 ásamt því að óskað er eftir að lóðin fái heitið Hvönn. Málinu var frestað á síðasta fundi skipulagsnefndar og óskað eftir rökstuðningi fyrir heiti lóðarinnar. Fyrir liggur rökstuðningur umsækjanda í tölvupósti sem barst þ. 09.07.2018.  
Byggðaráð gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar fyrir vegtengingu og ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Þá er ekki gerð athugasemd við að lóðin fái heitið Hvönn.  
  
Mál nr. 7; Kjóastaðir lóð 3 L190572: Myrkholtsgvegur 2: Aukið byggingarmagn á lóð: Fyrirspurn – 1807008  
Lögð fram fyrirspurn Ólafar Ernu Ólafsdóttur dags. 27.06.2018 þar sem óskað er eftir að fá að stækka núverandi sumarhús upp í tæpa 100 fm að grunnfleti. Ekki liggur fyrir gildandi deiliskipulag á svæðinu. Lóðin er er 5850 fm.  
Byggðaráð gerir ekki athugasemd og við fyrirhugaða stækkun húss með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 8; Eyvindartunga: Frístundabyggð neðan Laugarvatnsvegur:

Aðalskipulagsbreyting – 1807011

Lögð fram umsókn Jóns Snæbjörnssonar dags. 03.07.2018 um breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytingin felur í sér að stærð frístundasvæðis F23 stækkar úr 32 ha í 38 ha. Austan við við F23 frístundabyggð er skógræktarsvæði sem hefur verið hluti af Suðurlandsskógum frá árinu 1998 og er óskað eftir að svæðið, um 15 ha verði afmarkað inn á aðalskipulagsupprátt. Heildarskógræktarsvæði Eyvindartungu SL4 verði því samtals um 150 ha. Byggðaráð samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 9; Lækjarhvammur lnr 167642: Ný efnisnáma: Framkvæmdaleyfi – 1802027

Lögð fram að nýju, eftir gildistöku nýs Aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027, umsókn Gunnars Hafsteinssonar dags. 14.02.2018, landeiganda Lækjarhvamms L167642, um framkvæmdaleyfi fyrir námu. Náman kemur til með að ná yfir um 2 ha lands og er áætlað efnismagn allt að 49.900m<sup>3</sup> af frostfríu burðarhæfu byggingarefni sem verði tekið úr námunni á 15 árum. Náman er skilgreind í aðalskipulagi sem E23.

Byggðaráð samþykkir að gefið verði út framkvæmdaleyfi vegna efnisnámu í Lækjarhvammi með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu umsagnar Minjastofnunar. Byggðaráð Bláskógabyggðar telur framkvæmdina ekki vera háð umhverfismati, en niðurstaða byggðaráðs skal kynnt með auglýsingu á heimasíðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita. Byggðaráðs Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi.

Mál nr. 10; Apavatn 2 L16762: Presthólar: Malarnámur: Framkvæmdaleyfi – 1808010

Lögð fram ósk Guðmundar Valssonar um framkvæmdaleyfi vegna efnisnámu í landi Apavatns 2. Náman kemur til með að ná yfir um, annarsvegar 9 ha svæði og hinsvegar 17,3 ha svæði. Áætlað er að vinna um 50.000 m<sup>3</sup> á svæðunum á tveggja ára tímabili milli 2018-2020. Námurnar eru ekki merktar inn á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027.

Byggðaráð Bláskógabyggðar hafnar samhljóða að veita framkvæmdaleyfi fyrir viðkomandi malarnámu, þar sem svæðið er ekki skilgreint í aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 fyrir starfsemi af því tagi.

Mál nr. 11; Sólvellir 9 (L204978): Umsókn um byggingarleyfi. Sumarhús – 1805061

Lögð er fram að nýju, eftir grenndarkynningu, umsókn Guðmundar Ólafssonar og Þóru S. Þorgeirsdóttur um byggingarleyfi á sumarhúsi 110 m<sup>2</sup> á lóðinni Sólvellir 9, L204978.

Ein athugasemd barst við grenndarkynningunni.

Helstu andmæli eru:

Áhyggjur af of háum húsum

Áhyggjur af afkastagetu hitaveitu Reykjavalla

Og spurt er hvort sveitarfélagið hafi komið af stað vinnu við að fullgera það skipulag sem ekki öðlaðist gildi 2005, en notast hefur verið við að mestu, með grenndarkynningum.

Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir að veitt verði byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á Sólvöllum 9 og skipulagsfulltrúa falið að svara athugasemdum.

Mál nr. 12; Friðheimahjáleiga 1-5 (Friðheimahjáleiga 6-9) L208643: Umsókn um byggingarleyfi: Raðhús – 1807016

Lögð er fram umsókn Friðheimahjáleigu ehf. dags. 11.07.2018 um byggingarleyfi til að byggja raðhús á einni hæð með fjórum íbúðum 207,3 m<sup>2</sup> á lóðinni Friðheimahjáleiga 1-5 L208643 í Reykholti, Bláskógabyggð.

Byggðaráð gerir ekki athugasemd við byggingu raðhúss með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 13; Tungubotnar (L212210): Umsókn um byggingarleyfi: Íbúðarhús og gestahús - breyting - 1807023

Lögð er fram umsókn Jón Svavars V Hinrikssonar og Magnúsar Flygenring um byggingarleyfi til að breyta áður samþykktum teikningum og byggja við íbúðarhús og breyta þaki á íbúðarhúsi auk stækkunar á geymslu sem nú er tilgreint sem gestahús á lóðinni Tungubotnar (L212210 Lóð A) í Bláskógabyggð. Heildarstærð eftir stækkun á íbúðarhúsi verður 67,9 m<sup>2</sup> og gestahúsi 24,1 m<sup>2</sup>

Byggðaráð gerir ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi veiti byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 14; Kjalvegur sunnan Grjótár: Efnistaka úr námum E93, E94 og E95: Framkvæmdaleyfi – 1807030

Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra lagfæringa á Kjalvegi sunnan við Grjótá á ca 5km vegkafla.

Áætlað er að taka efni úr námum E93, E94 og E95 sem eru allar merktar inni á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Heildarmagn efnis úr námum vegna þessarar framkvæmdar er áætlað 15-20 þúsund rúmmetra.

Byggðaráð samþykkir að gefa út framkvæmdaleyfi með fyrirvara um ítarlegri gögn.

Mál nr. 15; Heiðarbær 1 L170157 og 2 L170158: Heiðarbær 4: Stofnun lóðar – 1807032

Lögð fram umsókn Andreu Skúladóttur og Sveinbjörns Einarssonar dags. 12.07.2018 um stofnun 10.000 fm lóðar úr óskiptu landi Heiðarbæjar 1 (landnr. 170157) og Heiðarbæjar 2(landnr. 170158) skv. meðfylgjandi lóðablaði. Óskað er eftir að lóðin fái heitið Heiðarbær 4.

Byggðaráð gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og gerir ekki athugasemd við heitið Heiðarbær 4. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 32 Afgreiðslur byggingarfulltrúa -18-82 1806004F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 27. júní 2018.

Mál nr. 33 Afgreiðslur byggingarfulltrúa -18-83 1807001F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. júlí 2018.

#### 1.5. 161. fundur skipulagsnefndar, haldinn 22. ágúst 2018.

Mál nr. 1; Gröf lóð (15C) L196564: Setberg: Aukahús: deiliskipulagsbreyting – 1808029

Lögð fram umsókn Þórhalls Jóhannessonar dags. 16.08.2018, lóðarhafa lóðarinnar Gröf lóð (15C) L196564, þar sem óskað er eftir breytingu á byggingar- og skipulagsskilmálum frístundasvæðisins Setbergs sem nær yfir 3 lóðir í landi Grafar á þann hátt að byggja megi 32 fm gestahús á lóðunum. Skv. nógildandi deiliskipulagi er aðeins heimilt að byggja eitt, allt að 100 fm, sumarhús innan byggingarreits.

Byggðaráð telur breytinguna vera óverulega og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar.

Mál nr. 2; Torfastaðaheiði 1. og 2. áfangi: Torfastaðir L167176: Sumarhúsa- og ferðapjónustusvæði: Aðalskipulagsbreyting – 1808031  
Lögð er fram skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skv. 1.mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landeigandi á Torfastöðum hefur lagt fram ósk um að frístundasvæði sem í aðalskipulagi er merkt F63, verði með heimild til að leyfa rekstrarleyfi í fl. II skv. reglugerð 1277/2016, gr. 25. um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Byggðin verði því að meginhluta frístundahúsabyggð og með viðauka sem verslunar- og þjónustusvæði.  
Byggðaráð samþykkir samhljóða að kynna matslýsingu og óska eftir umsögn skipulagsstofnunar í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 3; Torfastaðaheiði 1. og 2. áfangi: Torfastaðir L167176: Sumarhúsa- og ferðapjónustusvæði: Deiliskipulagsbreyting - 1808022  
Samhliða fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, er lögð fram ósk um breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar merkt F63 í aðalskipulagi. Umrætt deiliskipulag er staðsett í landi Torfastaða (Torfastaðheiði)Breytingin felur í sér að heimilt verði að veita rekstrarleyfi í fl. II skv. reglugerð 1277/2016, gr. 25. um veitingataði, gististaði og skemmtanahald. Byggðaráð samþykkir að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 4; Launrétt 1 lnr 167386: Laugarás: Breytt notkun í verslunar- og þjónustulóð: Aðalskipulagsbreyting - 1803055  
Lögð er fram skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skv. 1.mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að lóðinni Launrétt 1 í Laugarási (landnr. 167386) verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þannig að heimilt verði að veita rekstrarleyfi fyrir gistingu.  
Byggðaráð samþykkir að kynna matslýsingu og óska eftir umsögn skipulagsstofnunar í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 5, Launrétt 1 lnr 167386: Laugarás: Breytt notkun í verslunar- og þjónustulóð: Deiliskipulagsbreyting – 1803056  
Samhliða fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, er lögð fram ósk um breytingu á gildandi deiliskipulagi. Breytingin felur í sér að lóðinni Launrétt 1 í Laugarási (landnr. 167386) verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þannig að heimilt verði að veita rekstrarleyfi fyrir gistingu.  
Byggðaráð samþykkir að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## **2. Fundargerðir til kynningar:**

- 2.1. 13. fundur Héraðsnefndar Árnesingar, haldinn 16. júlí 2018.
- 2.2. Ljósleiðaraverkefni, fundur um fjarskiptamál á Þingvöllum, haldinn 2. ágúst 2018.
- 2.3. Oddvitanefnd UTU, haldinn 10. ágúst 2018.
- 2.4. 535. fundur stjórnar SASS, haldinn 15. ágúst 2018
- 2.5. Fundur NOS, haldinn 10. júlí 2018.
- 2.6. 1. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu, haldinn 24. ágúst 2014.

## **3. Afgreiðslumál:**

- 3.1. Tölvuskeyti Helga Egilssonar, f.h. Íslenska Alpklúbbsins, dags. 12. ágúst 2018, fyrirspurn um deiliskipulag.

Lagt fram tölvuskeyti Helga Egilssonar f.h. Íslenska Alpaklúbbsins þar sem spurt er um áform um vinnslu deiliskipulags fyrir skálann Bratta á Botnssúlvasvæði sem er innan þjóðlendu.

Byggðaráð felur oddvita og sveitarstjóra að undirbúa gerð deiliskipulags og lóðablaða fyrir þau mannvirki innan þjóðlendunnar sem ókláruð eru.

- 3.2. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags, ódags.  
Lögð var fram beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags fyrir skólaárið 2018-2019 vegna nemanda f. 2007, sem er með lögheimili í Bláskógabyggð en stundar nám í Borgarbyggð. Erindið var samþykkt samhljóða.
- 3.3. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags, ódags.  
Lögð var fram beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags fyrir skólaárið 2018-2019 vegna nemanda f. 2007, sem er með lögheimili í Bláskógabyggð en stundar nám í Garðabæ. Erindið var samþykkt samhljóða.
- 3.4. Tölvuskeyti Steinunnar Hrafnkelsdóttur, dags. 18. ágúst 2018, umsókn um að Bláskógabyggð greiði fyrir tónlistarnám.  
Lagt var fram erindi Steinunnar Hrafnkelsdóttur, þar sem óskað er eftir að Bláskógabyggð greiði fyrir tónlistarnám nemanda sem er með lögheimili í Bláskógabyggð en sækir tónlistarnám í Garðabæ. Erindið var samþykkt samhljóða.
- 3.5. Tölvuskeyti Sóknarnefndar Miðdalssóknar, dags. 21. ágúst 2018, styrkbeiðni.  
Lagt var fram erindi Sóknarnefndar Miðdalssóknar, þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 790.000 vegna lagningar stígs að grafreit á Laugarvatni. Byggðaráð samþykkir erindið samhljóða. Ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum í fjárhagsáætlun Bláskógabyggðar fyrir rekstrarárið 2018 og er lagt til við sveitarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun að fjárhæð kr. 790.000.
- 3.6. Bréf Benedikts Skúlasonar, dags. 5. ágúst 2018, svar við beiðni um upplýsingar. Helgi Kjartansson, T-lista, vék af fundi.  
Lagt var fram bréf Benedikts Skúlasonar, sem hann ritar í tilefni af beiðni byggðaráðs um upplýsingar vegna erindis Drífu Kristjánsdóttur um veiðirétt í Hvítá fyrir landi Laugaráss. Í ljósi framkominna upplýsinga telur byggðaráð ekki ástæðu til að bregðast frekar við erindi Drífu Kristjánsdóttur.
- 3.7. Tölvuskeyti SASS, dags. 20. ágúst 2018, undirbúningur fyrir landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
Lagt var fram tölvuskeyti framkvæmdastjóra SASS þar sem óskað er eftir hugleiðingum sveitarstjórna á Suðurlandi um hver eigi að vera áhersluatriði landshlutans á komandi landsþingi Sambandsins. Byggðaráð samþykkir samhljóða að vísa málinu til næsta fundar sveitarstjórnar.
- 3.8. Umsókn Félags eldri borgara í Biskupstungum, dags. 21. ágúst 2018, um styrk vegna íþróttæfinga.  
Lögð var fram umsókn Félags eldri borgara í Biskupstungum um styrk að fjárhæð 60.000 kr. vegna íþróttæfinga fyrir veturinn 2017-2018. Byggðaráð samþykkir styrkveitinguna samhljóða, enda rúmast hún innan fjárhagsáætlunar ársins.
- 3.9. Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 19. júní 2018, kynning á breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, stofnun öldungaráða o.fl.  
Lagt var fram erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi kynningu á breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, þar sem m.a. er kveðið á um

stofnun öldungaráða í hverju sveitarfélagi sem ætlað að vera formlegur samráðsvettvangur við notendur öldrunarþjónustu. Byggðaráð felur sveitarstjóra að undirbúa breytingar á samþykktum sveitarfélagsins þannig að kjósa megi fulltrúa í öldungaráð.

- 3.10. Tölvuskeyti umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 27. júlí 2018, drög að frumvarpi um Þjóðgarðastofnun.  
Lagt var fram tölvuskeyti umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þar sem athygli er vakin á því að drög að frumvarpi um Þjóðgarðastofnun eru aðgengileg í samráðsgátt Stjórnarráðsins og er frestur til að skila umsögnum til 5. september n.k. Byggðaráð felur oddvita og sveitarstjóra að gera athugasemdir við frumvarpið.
- 3.11. Tölvuskeyti samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 23. ágúst 2018, drög að tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðis ásamt umhverfisskýrslu og drög að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, varðandi breytt vaxtarmörk við Álfsnes, til kynningar og umsagnar.  
Lögð voru fram gögn varðandi breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Reykjavíkur. Byggðaráð gerir ekki athugasemdir við skipulagsbreytingarnar.
- 3.12. Persónuverndarfulltrúi, samningur við Dattaca Labs.  
Farið var yfir stöðu mála vegna samnings um persónuverndarfulltrúa. Fundur með fulltrúum Dattaca Labs er fyrirhugaður í næstu viku.
- 3.13. Opnunartími gámasvæða (vetraropnun)  
Lögð var fram tillaga sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs að breyttum opnunartíma gámasvæða í Bláskógabyggð. Byggðaráð samþykkir tillöguna samhljóða.
- 3.14. Kjör fulltrúa í stjórn minningarsjóðs Biskupstungna.  
Byggðaráð samþykkir að Helgi Kjartansson verði fulltrúi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar í stjórn minningarsjóðsins.

#### 4. Erindi til kynningar:

- 4.1. Tölvuskeyti ferðamálastofu, dags. 8. ágúst 2018, upplýsingar um styrki frá NATA.
- 4.2. Tölvuskeyti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 31. júlí 2018, drög að reglum um úthlutun ráðherra á styrkjum úr stefnumótandi byggðaáætlun.
- 4.3. Erindi frá SASS, „Umhverfis Suðurland“, kynning á verkefnum framundan.
- 4.4. Göngum í skólann verkefnið, kynning á alþjóðlega „Göngum í skólann deginum“.
- 4.5. Boð verkefnastjóra SASS, dags. 24. ágúst 2018, á fund vegna mótunar umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:20.

---

Valgerður Sævarsdóttir

---

Helgi Kjartansson

---

Óttar Bragi Þráinsson

---

Ásta Stefánsdóttir

Fundargerð byggðaráðs Bláskógabyggðar

1493